

Raforkustefna Samtaka iðnaðarins

Stefna og áherslur SI í raforkumálum

- Tæplega fjórðungur útflutningstekna þjóðarinnar byggir á nýtingu og framleiðslu raforku. Þannig gegnir orkuframleiðsla og nýting hennar lykilhlutverki í efnahagsstarfseminni og er veigamikil uppspretta verðmætasköpunar.
- Skipulag, uppbygging og þróun þessa mikilvæga markaðar skiptir því sköpum, bæði fyrir iðnfyrirtæki, orkufyrirtæki og efnahagslífið í heild sinni.
- Á síðustu árum hefur vægi umhverfispáttá í orkumálum aukist mikið og mikilvægt að vega saman með skynsömum hætti umhverfissjónarmið og efnahagslega þætti.
- SI setja því fram skýra sýn á þá meginþætti er mestu skipta varðandi þróun, uppbyggingu og skipulag markaðarins.

Raforkumarkaður á Íslandi

Með raforkulögum frá árinu 2003 urðu veigamiklar breytingar á raforkumarkaði. Markmiðið var að skapa forsendur fyrir virka samkeppni í raforkusölu, auka skilvirkni í flutningi og dreifingu og tryggja gæði. Þessi markmið hafa að mati SI ekki öll náðst. Mikilvægt er að styðja við samkeppni, sérstaklega í framleiðslu á raforku.




Samkeppnishæfni orkunotenda á Íslandi

- SI leggja áherslu á að raforka framleidd á Íslandi skuli nýtt til verðmætasköpunar innanlands. Öflugur iðnaður er undirstaða búsetu og verðmætasköpunar.
- SI telja eðlilegt að horft verði til arðsemi af framleiðslu og flutningi raforku í víðu samhengi.
- SI leggja áherslu á þann mikilvæga ávinning sem hlýst af raforkunýtingu í fyrirtækjum á Íslandi og að staðið sé vörð um samkeppnishæfni þeirra.
- Tryggja þarf samkeppnishæft orkuverð á Íslandi í alþjóðlegu samhengi.
- Efnahagslegur ávinningur orkuvinnslu og nýtingar verði veginn saman á móti umhverfispáttum með skynsömum og hagkvæmum hætti.

Aukin samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku

- Frjáls samkeppni er öflugasta tækið til að draga fram það besta og hagkvæmasta í allri atvinnustarfsemi. Þannig er hag kaupenda og seljenda best borgið og ábati samfélagsins hámarkaður. Þess vegna er skynsamlegt að leita allra leiða við að koma á og styðja við samkeppni þar sem henni verður komið við.
- Sökum stærðar sinnar á markaði hefur Landsvirkjun yfirburðastöðu, bæði gagnvart stórum notendum og almennum notendum. Þegar eitt fyrirtæki á samkeppnismarkaði er með yfir 70% markaðshlutdeild er vandséð að ávinningur frjálsrar samkeppni náist fram að fullu.
- Nauðsynlegt er að hlutdeild Landsvirkjunar í raforkuframleiðslu minnki.
- Aðhald Orkustofnunnar og samkeppnisyfirvalda kemur ekki í stað samkeppni.
- Mikilvægt er að skapa skilyrði til að auka samkeppni á raforkumarkaði en um leið að stuðla að samkeppnishæfni í alþjóðlegu samhengi.

Raforkuframleiðsla á Íslandi



Aðskilnaður milli framleiðslu- og flutningsfyrirtækja raforku

- Landsvirkjun er í yfirburðastöðu á íslenskum raforkumarkaði og framleiðir um 70% allrar raforku í landinu. Landsvirkjun á ennfremur stóran eignarhlut í Landsneti sem hefur einokunarrétt á flutningi á raforku. Þetta er óeðlilegt og óæskilegt.
- Landsnet er að miklu leyti fjármagnað af Landsvirkjun en bæði eignatengsl og fjármögnunartengsl eru óheppileg. Landsvirkjun má ekki koma að því hvernig stjórn Landsnets er valin.
- Landsvirkjun er ennfremur stærsti viðskiptavinur Landsnets.
- Til að tryggja heilbrigðari markað og gagnsæi á raforkumarkaði er nauðsynlegt að rjúfa tengsl milli Landsvirkjunar og Landsnets hið fyrsta, t.d. með því að hlutabréf Landsvirkjunar í Landsneti verði úthlutað sem arði til ríkisins.

Hagkvæm uppbygging raforkuflutningskerfis

- Flutningskerfi raforku er ein af lykilstoðum innviða í landinu og þjónar bæði almenningi og fyrirtækjum. Aðgengi að raforku er ennfremur mikilvægur þáttur í samkeppnishæfni atvinnulífs alls staðar á landinu.
- Allar fjárfestingar í flutningskerfinu eru greiddar af raforkunotendum og því lykilatriði að forsendur fjárfestingaákvæðana séu sterkar. Mikilvægt er að ákvarðanir um uppbyggingu og viðhald raforkuflutningsmannvirkja byggi á skýrum hagkvæmnis- og umhverfissjónarmiðum.
- Ljóst er að undirliggjandi þörf á uppbyggingu á raforkuflutningskerfinu er umtalsverð. Við slíkar aðstæður er óeðlilegt að núverandi raforkunotendur standi undir allri fjárfestingunni. Í ljósi þessa þarf að skoða beina aðkomu ríkisins að slíkum fjárfestingum þegar um nauðsynlega uppbyggingu innviða er að ræða.

Gagnsærri gjaldtaka fyrir flutning á raforku

- Tekjur Landsnets eru ákvarðaðar með leyfðri arðsemi samkvæmt flókinni reglugerð þar að lútandi og greiða raforkunotendur á Íslandi þann kostnað í hlutfalli við notkun.
- Allar fjárfestingar Landsnets umfram afskriftir fær fyrirtækið sjálfkrafa endurgreiddar með vöxtum.
- Af þessum sökum er lykilatriði að fjárfestingar í raforkuflutningskerfinu séu vel ígrundaðar og arðbærar í víðum skilningi.
- SI leggja áherslu á að ferlið við tekjumörk Landsnets sé gagnsætt og fyrirsjáanlegt og að sú arðsemi sem Landsneti er leyfð sé í takti við raunverulegan fjármagnskostnað fyrirtækisins en ekki fræðileg stærð sem byggir á matskenndum þáttum.

Uppbygging skammtímamarkaðs með raforku

- Í þróuðum ríkjum er raforka keypt og seld í gegnum markaði sem einkennast af frjálsri verðmyndun og gagnsæi. Svo er ekki á Íslandi.
- Nauðsynlegt er að setja á fót skammtímamarkað með raforku. Það myndi auka gagnsæi í verðmyndun á raforku og minnka hættuna á að markaðsaðilar misnoti stöðu sína.
- Í fyllingu tímans myndu möguleikar bæði raforkuframleiðenda og kaupenda á að verja sig gegn áhættu aukast verulega með tilkomu slíks markaðar.
- Skammtímamarkaður með raforku er til þess fallin að auka á skilvirkni og samkeppni.

Rammaáætlun og uppbygging virkjana

- SI styðja í grundvallaratriðum aðferðafræðina sem rammaáætlun byggir á. Farsælt er að farið sé skipulega yfir málaflokkinn og niðurstöður séu byggðar á faglegum forsendum. Þannig liggi fyrir afstaða til verndar og nýtingar landsvæða í stórum dráttum áður en farið er að horfa á hvert svæði fyrir sig. Mikilvægt er að aukin áhersla sé lögð á að skoða efnahagsleg áhrif virkjana en ekki bara náttúruáhrif, samfélagsleg áhrif og aðra auðlindanýtingu en orkunýtingu.
- Vinnuferli rammaáætlunar þurfa að tryggja að vinnubrögð séu fagleg og innan þeirra marka sem sett eru. Rammaáætlun er frummat virkjunarkosta og er ætlað að leggja grundvöll að forgangsröðun áður en frekari undirbúningur heldur áfram með tæknilegum og umhverfislegum rannsóknum. Næsta stig í opinberu ferli er mat á umhverfisáhrifum þar sem kallað er eftir mun víðtækari gögnum um tæknilega útfærslu, umhverfisáhrif og samfélagsáhrif án þess þó að endanleg hönnun hafi farið fram.
- Rammaáætlun er ætlað að standa um langa framtíð. Mikilvægt er að breið samstaða sé um niðurstöðu vinnunnar. Ef pólitískar áherslur líðandi stundar ná yfirhöndinni er hætta á að niðurstaðan haldi ekki mikið lengur en ríkjandi stjórnvöld.

Skýrara eftirlit með samkeppnishluta og einokunarhluta raforkumarkaðar

- Mikilvægt er að markmiðum raforkulaga um uppskiptingu í samkeppnis- og einokunarhluta markaðarins sé fylgt eftir með skýrum hætti.
- Frjáls samkeppni er í framleiðslu og sölu á raforku. Hins vegar er flutningur og dreifing raforku í eðli sínu einokunarstarfsemi.
- Samkvæmt lögum fer Orkustofnun með eftirlitshlutverk á einokunarhluta markaðarins en Samkeppniseftirlitið fyrir samkeppnishlutanum.
- Mikilvægt er að skerpa á eftirlitshlutverki hvorrar stofnunar fyrir sig. Tryggja þarf mikið aðhald í kostnaði einokunarfyrirtækja á markaðnum og að kraftar frjálsrar samkeppni fái að njóta sín á samkeppnishluta markaðarins. Til þess þurfa skilin á milli að verða skýr og eftirlitshlutverk beggja stofnana á hreinu.

Framboð á raforku þarf að tryggja orkuöryggi

- Síðustu ár hefur umræða um orkuskort og orkuöryggi farið vaxandi annars vegar vegna aukinnar eftirspurnar eftir raforku en líka vegna þess hve hægt gengur að auka framboð og aðgengi að raforku.
- Skýr sýn liggur fyrir um þróun eftirspurnar eftir raforku í gegnum raforkuspá. Sambærileg sýn þarf að liggja fyrir um mögulega þróun framboðs á raforku og möguleika framleiðenda á að mæta aukinni eftirspurn.

Tryggja samkeppnishæfni ólíkra raforkukaupenda

- Fjölbreytni raforkukaupenda hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Nýjar atvinnugreinar eru að spretta upp sem hafa aðrar orkuþarfir en hefðbundnir orkunotendur á Íslandi.
- Líklegt er að samsetning orkunotenda muni breytast á næstu árum og að millistórum notendum fjölgi á næstu misserum og árum.
- Mikilvægt er að millistórir notendur raforku njóti þess í kjörum umfram smærri notendur. Dreifiveitur og raforkusalar sjái sér hag í að mæta ólíkum þörfum og geti betur brugðist við stækkunaráformum og vaxið með viðskiptavinum sínum.
- Tryggja þarf samkeppnishæfni ólíkra raforkukaupenda, lítilla, meðalstórra og stórra m.t.t. flutnings- og raforkukaupa.